



Verkið felst í uppsetningu stoðvirkja til snjóflóðavarna í N-Fífladölum og Hafnarhyrnu ofan byggðar á Siglufirði.

Framkvæmdasvæðið er í brattri fjallshlíð með klettabeltum. Hæð yfir sjávarmáli er frá 320 m upp til 570 m og verður vinna við þær aðstæður krefjandi.

Heildarlengd stoðvirkjanna er um 1.600 metrar sem verða reist í 14 línur. Lagður hefur verið vegslóði og útbúið plan fyrir efni og búnað í um 320 m hæð.

Þyrlur verða notaðar að mestu leyti við flutning á efni og búnaði þaðan upp á framkvæmdasvæðið.

Gert er ráð fyrir að aðeins sé hægt sé að vinna við verkið yfir sumarmánuðina vegna veðurs og snjóá.



Verkkaupi

[Fjallabyggð og Ofanflóðasjóður](#)

Upphaf framkvæmda

[Október 2013](#)

Undirbúningsathuganir

[Hnit og Orion](#)

Eftirlit

[Framkvæmdasýsla ríkisins](#)

Lok framkvæmda

[September 2014](#)

Verkhönnun

[Verkís](#)